

Hornafirði 8. nóvember 2023

Þetta frumvarp bendir til afturhaldssemi og tekur engan vegi tillit til náms fyrir alla. Þar sem um 20% af nemendum okkar eru með aðra trú en kristna. Þetta er ekki eini skólinn sem er þannig samsettur. Að vera setja kennslu upp í % hluta af einhverju er ekki rétt að mínu mati.

Af hverju 70% kristinfræði og 30% trúarbragðafærði, af hverju er það ekki 30% kristinfræði og 70% önnur trúarbrögð? Þrátt fyrir ítarlega útskýringu með frumvarpinu er engin röksemdarfærsla fyrir þessari skiptingu. Jólin eru haldin hátíðleg í öllum skólum landsins sem taka mið af kristinni trú. Þar fer fram um leið mikil kristinfræði kennsla og eru jól annarra trúarbragði tekin með inn í þá fræðslu.

Einnig er gerð grein fyrir því í frumvarpi um grunnskóla að allir eigi rétt á fræðslu við hæfi og að grunnskólinn eigi að taka tillit til allra í samfélaginu. Það að setja þetta upp í hlutfall af „einhverju“ er óskiljanlegt.

Kennsla á að ná yfir öll trúarbrögð sem stunduð eru í heiminum og eru einnig með það sama að leiðarljósi og kristinfræðin, mannúð, kærleika, umhyggju og samhyggð í garð samborgara sinna.

Kristín G Gestsdóttir

Skólastjóri Grunnskóla Hornafjarðar